

Yfirlit frjómælinga í Garðabæ sumarið 2019

Í Garðabæ hófust frjómælingar snemma eða 15. mars og stóðu þær yfir til 30. september, samtals í 200 daga. Í mælingunum komu fram frjókorn 22 frjó- og grashópa (1. tafla). Heildarfjöldi frjókorna var 2.393 frjó/m³ og er það undir meðaltali (2. tafla). Af þeim voru 1.145 grasfrjó (48%), 453 birkifrjó (19%), 95 súrufrjó (4%) og 31 asparfrjó (1%) (1.mynd). Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 669 (28%) og var langalgengast hlutfall hóps væri um eða undir 1,5%.

Fyrsta þekktu frjókornið kom í gildruna þann 19. mars og var þar um víðifrjókorn að ræða. Það var eina tegundin sem greindist í mars fyrir utan eitt furufrjókorn. Heldur fleiri frjó mældust í apríl. Þann 25. apríl blésu sterkir vindar aust-suð-austan frá Evrópu og með þeim kom mikill fjöldi birkifrjókorna. Alls mældust 230 birkifrjó/m³ í apríl, og voru þau að öllum líkindum erlend. Af innlendum frjókornum voru lyngfrjó algengust í apríl með frjótöluna 22 frjó/m³. Einnig greindust aspar-, víði- og elrifrjókorn.

Asparfrjó mældust fyrst þann 27. apríl. Þau voru nálægt meðaltali síðustu átta ára, alls 31 frjó/m³. Hámark asparfrjóa var 1. maí þegar frjótalan náði 6 frjóum/m³.

Birkifrjó mældust alls 453 frjó/m³ sem er töluvert undir meðaltali áráanna 2011–2018 (742 frjó/m³). Ef erlendu frjókornin sem bárust í apríl eru dregin frá þá mældust einungis

1. tafla. Frjó- og grógerðir í Garðabæ sumarið 2019, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjó/m ³
Gras	Poaceae	1.145
Birki	<i>Betula</i>	453
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	95
Lyng	Ericales	79
Stör	<i>Carex</i>	72
Víðir	<i>Salix</i>	34
Fura / greni	Pinaceae	32
Yllir	<i>Sambucus</i>	32
Brjóstagras	<i>Thalictrum</i>	32
Ösp	<i>Populus</i>	31
Rósaætt	Rosaceae	29
Elfting	<i>Equisetum</i>	21
Belgjurtir	Leguminosae	19
Sóley	<i>Ranunculus</i>	14
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	12
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	10
Sefætt	Juncaceae	9
Maðra	<i>Galium</i>	7
Sveipjurtaætt	Umbelliferae	7
Elri (Ölur)	<i>Alnus</i>	6
Fifill	Compositae Cichorideae	6
Netla	<i>Urtica</i>	1
Óþekkt/ógreind	incognito	247


223 frjó/m³. Erfitt er að staðhæfa um hvenær innlendu birkifrjóin byrjuðu að mælast þar sem erlendu frjóin bárust seint í apríl og komu hugsanlega í gildrunar næstu daga á eftir storminum. Birkifrjó mældust stopult framan af maí en eftir 19. maí mældust þau nær samfelld til 10. júní. Hámark birkifrjóa var 28. maí þegar frjótalan fór í 32 frjó/m³.

Grasfrjó komu fyrst í gildruna 26. maí. Þau mældust síðan flesta daga til ágústloka en mjög lítið í september. Mest var um grasfrjó í júlí eða 795 frjó/m³, þau voru næstflest í júní, 181 talsins, og í ágúst mældust þau 157 frjó/m³.

2. tafla. Fjöldi frjókorna í Garðabæ sumarið 2019 og meðaltal áráanna 2011–2018.

Mánuður	2019	Meðaltal
Mars	7	
Apríl	281	30
Maí	312	296
Júní	503	1.230
Júlí	1.034	919
Ágúst	239	510
September	17	63
Samtals	2.393	3.049





1. mynd. Heildarfrjómagnt og skipting í helstu frjógerðir í Garðabæ 2011–2019.

Þann 18. júlí voru flest grasfrjókörn í lofti eða 156 frjó/m³. Frjótalan fór aðeins einu sinni yfir 100 frjó/m³ þetta sumarið og einungis fjórum sinnum yfir 50 frjó/m³, allt í júlí. Heildarfrjóldi grasfrjóa varð 1.145 frjó/m³ sem er nálægt meðaltali árána 2011–2018 (1.366 frjó/m³).

Súrufrjó komu fyrst í gildru 31. maí. Alls mældust 95 súrufrjó/m³ sem er nálægt meðaltali sem er 117 frjó/m³.

Frjótalan fór hæst í 6 frjó/m³ dagana 16. og 17. júní en annars voru þau eitt til tvö að mælast af og til.

Sumarið 2019 í Garðabæ var undir meðallagi hvað varðar heildarfrjómagnt (2. tafla). Frjókörn mældust tvisvar sinnum yfir 100 frjó/m³ en fimm sinnum yfir 50 frjó/m³.

Frjóríkasti mánuður sumarsins var júlí (1.034 frjó/m³) en mars var sá rýrasti (7 frjó/m³) enda aðeins mælt frá 15. mars.

Í apríl, maí og júlí mældust frjókörn yfir meðallagi, en í júní, ágúst og september voru þau hins vegar undir meðallagi (2. tafla).

Sumarið 2019 voru að jafnaði tæplega 12 frjókörn í hverjum rúmmetra andrúmslofti í Garðabæ. Það er mun minna en í meðalári (17 frjó/m³) en aðeins meira en sumarið 2018. Hæsta samanlögð frjótala mældist 25. apríl (228 frjó/m³) en á þeim tíma voru erlend birkifrjó í hámarki. Frjókörn mældust í lofti nánast hvern dag frá 23. apríl til 3. september.

Samkvæmt yfirlitum Veðurstofu Íslands var sumarið var óvenju hlýtt og sólríkt á sunnan- og vestanverðu landinu. Þar var þurrkt fram eftir sumri en september var óvenju blautur.

Miðað við veðurfar hefði mátt búast við hærri frjótölum grasa á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í júní og ágúst. Hugsanleg skýring eru óvenjulangir þurrkakaflar og um leið mjög hlýtt og sólríkt. Það gæti hafa dregið úr grassprettu.

Október 2019, Ellý Guðjohnsen

